

## Úr forsendum með fjárhagsáætlun Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2022:

### 2.2 Laun kjörinna fulltrúa og fundabóknanir:

#### 2.2.1 Samkvæmt launataxta 2022:

|                                         |          |         |
|-----------------------------------------|----------|---------|
| Föst laun forseta sveitarstjórnar       | per mán  | 149.630 |
| Föst laun sveitarstjórnarfulltrúa       | per mán  | 83.128  |
| Föst laun formanns byggðarráðs          | per mán  | 149.630 |
| Föst laun byggðarráðsmanna              | per mán  | 83.128  |
| Varamenn í<br>sveitarstjórn/byggðarráði | per fund | 24.938  |
| Formenn fagráða og nefnda               | per fund | 49.878  |
| Fagráðs- og nefndarmenn                 | per fund | 24.938  |

Fulltrúar í sveitarstjórn frá greitt kr. 24.938,- fyrir hvern fund sem og varamenn.

Fulltrúar í byggðarráði fá greitt kr. 24.938,- fyrir hvern fund sem og varamenn.

Formenn fagráða og nefnda fá greitt kr. 49.878,- fyrir hvern fund og aðrir fagráðs/nefndamenn kr. 24.938,-.

Áheyrnarfulltrúi í byggðarráði fær greitt kr. 24.938,- fyrir hvern fund, og að auki 33% álag á fundabóknun.

Áheyrnarfulltrúi fær ekki greidd föst mánaðarlaun þar sem honum er ekki skylt að mæta á fundi.

Laun kjörinna fulltrúa og fundabóknanir taka breytingum skv. kjarasamingi Kjalar.

#### Dæmi um laun kjörinna fulltrúa:

|                                           | Fundir í<br>mánuði: | Alls per<br>mánuð: |
|-------------------------------------------|---------------------|--------------------|
| Forseti sveitarstjórnar                   | 1                   | 174.568            |
| Formaður byggðarráðs                      | 4                   | 249.382            |
| Aðalmaður í sveitarstjórn                 | 1                   | 108.066            |
| Aðalmaður í byggðarráði                   | 4                   | 182.880            |
| Formaður fagráðs                          | 1                   | 49.878             |
| Kjörnir fulltrúar í fagráði, ekki formenn | 1                   | 24.938             |

Aðalmenn í sveitarstjórn skipa aðal- og varamenn í byggðarráði.

#### 2.2.2 Starfsnefndir:

Um er að ræða laun fyrir setu í starfsnefndum sem sveitarstjórn kýs eða staðfestir og settar eru til að sinna tímabundnu verkefni.

## Laun 2022 samkvæmt kjarasamningi KJALAR.

|              |          |            |
|--------------|----------|------------|
| Formaður     | per fund | kr. 49.878 |
| Nefndarmaður | per fund | kr. 24.938 |

### **2.2.3 Aðrir fundir og ráðstefnur:**

Greiðslur vegna funda og ráðstefna sem kjörnir fulltrúar eru kosnir til að sækja og ekki er greitt fyrir af öðrum aðila:

|              |         |             |
|--------------|---------|-------------|
| Heill dagur  | 1 dagur | kr. 25.000. |
| Hálfur dagur | ½ dagur | kr. 15.000. |

### **2.2.4 Ungmennaráð:**

Fulltrúar í ungmennaráði fá 50% af fundapóknun kjörinna fulltrúa.

## Laun 2022 samkvæmt kjarasamningi KJALAR.

|              |          |            |
|--------------|----------|------------|
| Formaður     | per fund | kr. 24.938 |
| Nefndarmaður | per fund | kr. 12.470 |

## Sjá nánar fylgiskjal hér á eftir um starfskjör kjörinna fulltrúa.

### **2.3 Ferðakostnaður innanlands, gildir frá 01.10.2021 (er ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins):**

|                                                |                |
|------------------------------------------------|----------------|
| Fæði í 1/2 dag, minnst 6 tíma ferðalag         | kr. 6.500      |
| Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag | kr. 13.00      |
| Gisting í einn sólarhring                      | kr. 17.700     |
| Gisting og fæði í einn sólarhring              | kr. 30.700     |
| Akstursgjald, fyrstu 10.000 km                 | kr. 120 per km |
| Akstur Dalvík-Akureyri-Dalvík                  |                |
| kr. 12.000 miðað við 100 km                    |                |

*Ferðakostnaður skal greiddur skv. ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma þar sem við á skv. einstökum kjarasamningum. Sjá einnig Mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar og starfsmannahandbók.*

|                                                                                                  |            |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------|------------|
| Flug Akureyri-Reykjavík-Akureyri                                                                 | kr. 21.184 |
| Meðalverð skv. <a href="https://www.airicelandconnect.is/">https://www.airicelandconnect.is/</a> |            |
| miðað við Ak-Rvík-Ak 30. sept. og 1. okt..k.                                                     |            |

### **2.4.1 Gjafir til starfsmanna (bókhaldslykill mm-dd-1490):**

Afmælisgjafir á hvern kjörinn fulltrúa vegna tugaafmælis kr. 10.000.

## STARFSKJÖR KJÖRINNA FULLTRÚA DALVÍKURBYGGÐAR

Til fagráða telst : atvinnumála- og kynningaráð, félagsmálaráð, fræðsluráð, menningarráð, íþrótt- og æskulýðsráð, umhverfisráð, landbúnaðarráð og veitu- og hafnaráð. Sjá nánar gildandi Samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar og skipurit á hverjum tíma. **(Frá og með næsta kjörtímabili, 2022- 2026, þá færast verkefni atvinnumála- og kynningarráðs undir byggðaráð, verkefni menningarráðs fara í íþrótt- og æskulýðsráð og verkefni landbúnaðarráðs fara til umhverfisráðs. Fagráðum fækkar því um 3.)**

Föst laun forseta sveitarstjórnar: í þeim felst meðal annars undirbúningur fyrir fundi sveitarstjórnar, fundarstjórn, vinna að málefnum sveitarfélagsins á milli funda.

Föst laun formanns byggðarráðs: í þeim felst meðal annars undirbúningur fyrir fundi byggðarráðs, fundarstjórn, vinna að málefnum sveitarfélagsins á milli funda.

Föst laun sveitarstjórnarfulltrúa og byggðaráðsmanna, annarra en forseta og formanns; í þeim launum felst meðal annars vinna að málefnum sveitarfélagsins á milli funda.

Fundarþóknun formanna fagráða og nefnda: í þeim felst meðal annars undirbúningur fyrir fundi, fundarstjórn.

- Ef aðalmaður boðar varamann fyrir sig á fund til að sitja jafnvel einn dagskrárlið vegna vanhæfis aðalmanns þá fær varamaðurinn greitt að fullu fyrir fundinn, þ.e. 100% fundarþóknun eins og hún er á hverjum tíma.
- Ef aðalmaður í byggðaráði og/eða í sveitarstjórn fær tímabundið leyfi frá störfum þá falla mánaðarlaun niður þann tíma og sá sem tekur tímabundið við fær greidd mánaðarlaun í staðinn fyrir sama tímabil.
- Ef kjörinn fulltrúi er jafnframt starfsmaður sveitarfélagsins og mætir á launaðan fund á vinnutíma þá skal ekki skrá fjarveru hans sem launalaust leyfi eða orlof, enda fær hann svigrúm til að vinna störf og verkefni sín síðar. Sama á við ef um ólaunaðan fund er að ræða á vinnutíma.
- Ekki er um greiðslur að ræða til kjörinna fulltrúa fyrir tilfallandi fundi og/eða viðburði, s.s. fræðsla innanhúss, námskeið, ráðstefnur. Ef aftur á móti er skyldumæting ætti að greiða fyrir fundi á vegum nefnda og ef sótt eru námskeið eða ráðstefnur þá á að greiða fyrir það samkvæmt gildandi forsendum og reglum um funda- og ferðatíma.
- Ef kjörinn fulltrúi (starfsmaður) sækir fundi á vegum sveitarfélagsins í einn dag eða fleiri þá getur hann fengið greitt hálfa eða heilan dag samkvæmt gildandi forsendum á hverjum tíma og taki þá orlof eða launalaust leyfi á móti. Kjörnir fulltrúar á föstum mánaðarlaunum halda þeim launum óskertum þótt greitt sé fyrir hálfan eða heilan dag, óháð því hvort að viðkomandi er starfsmaður sveitarfélagsins eða ekki.
- Kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og byggðarráði skal halda ef hann er tímabundið forfallaður frá störfum sínum vegna slyss eða veikinda gegn framvísun veikindavottorðs, en þó að hámarki í 6 mánuði.

**Ferðakostnaður:**

Greitt er fyrir akstur ef fjarlægð er 5 km og meira, þ.e. miðað er við 10 km fram og til baka.

Vegna starfa sinna í þágu sveitarfélagsins umfram reglulega fundi eiga kjörnir fulltrúar hjá Dalvíkurbyggð rétt á að fá greiðslur á ferðakostnaði og öðrum útlögðum kostnaði vegna funda, ráðstefna o.s.frv. sem þeir sækja, sem hér segir:

**Ferðakostnaður innanlands:**

- a) Greiddur skal akstur skv. kílómetragjaldi nema í þeim tilfellum þar sem hægt er að fljúga á milli staða, sbr. forsendur með fjárhagsáætlun. Í þeim tilfellum þar sem hægt er að fljúga á milli staða skal endurgreiðsla taka mið af flugfargjöldum, ef kjörnir fulltrúar kjósa fremur að aka.
- b) Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum sé um það samkomulag eða ef ekki er unnt að leggja fram reikning. Dagpeningar á ferðalögum innanlands skulu vera þeir sömu og ríkið greiðir til starfsmanna samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins.
- c) Dalvíkurbyggð greiðir þáttökugjöld á ráðstefnur, námskeið o.s.frv. samkvæmt reikningum til sveitarfélagsins. Ef þáttökugjöld eru greidd af kjörnum fulltrúa skal hann fá reikning fyrir útlögðum gjöldum og framvísa með kostnaðaruppgjöri.
- d) Ef gisting, fæði o.s.frv. er innifalið í þáttökugjaldi að hluta eða í heild þá eru dagpeningar ekki greiddir að hluta og/eða í heild sinni.
- e) Ef sveitarfélagið greiðir beint reikninga sem berast Dalvíkurbyggð vegna gistingar, fæðis, flugs, bílaleigubíls o.s.frv. þá koma þær greiðslur inni í uppgjör til kjörinna fulltrúa hvað varðar greiðslur á dagpeningum og endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.
- f) Dalvíkurbyggð greiðir ekki mögulega launaskerðingu kjörinna fulltrúa vegna aðalstarfs/ starfa þeirra.
- g) Samþykki fyrir og/eða tillaga um að kjörnir fulltrúar sækir ráðstefnur, námskeið o.s.frv. þarf að liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.
- h) Kostnaður vegna ferðalags (ferðakostnaður og gisting) innanlands á vegum Dalvíkurbyggðar skal greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Kjörnir fulltrúar skulu skila inn í síðasta lagi 15. hvers mánaðar útfylltu eyðublaði vegna Ferða- og aksturskostnaðar ásamt akstursbók þar sem við á.
- i) Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi kjörnum fulltrúa og til staðfestingar á greiðslu skal sveitarstjóri eða ef við á viðkomandi sviðstjóri samþykkja uppgjörið.
- j) Kostnaður skv. ofangreindu færir á viðeigandi kostnaðarstað í bókhaldi sveitarfélagsins.

**Ferðakostnaður erlendis:**

- a) Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi, enda fylgi ávallt farseðlar eða önnur fullnægjandi gögn.
- b) Annar ferðakostnaður á ferðalögum erlendis greiðist með dagpeningum, sem skulu vera þeir sömu og ríkið greiðir starfsmönnum sínum. Af dagpeningum á ferðalögum erlendis ber að

greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna ferða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði.

- c) Dalvíkurbyggð greiðir ekki mögulega launaskerðingu kjörinna fulltrúa vegna aðalstarfs/starfa þeirra.
- d) Samþykki fyrir og/eða tillaga um að kjörnir fulltrúar sækir ráðstefnur, námskeið o.s.frv. þarf að liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.
- e) Kostnaður vegna ferðalags erlendis á vegum Dalvíkurbyggðar skal greiðast eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Kjörnir fulltrúar skulu skila inn í síðasta lagi 15. hvers mánaðar útfylltu eyðublaði vegna Ferða- og aksturkostnaðar, ásamt akstursbók þar sem við á.
- f) Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi kjörnum fulltrúa og til staðfestingar á greiðslu skal sveitarstjóri eða ef við á viðkomandi sviðstjóri samþykkja uppgjörið.
- g) Kostnaður skv. ofangreindu færir á viðeigandi kostnaðarstað í bókhaldi sveitarfélagsins.